

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR HEIMAGISTINGU ALLT AÐ 90 DÖGUM

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Skilyrði þessi gilda fyrir gistingu í heimagistingu í allt að 90 dögum fyrir allt að 5 herbergi eða 10 gesti.	Rg. 1277/2016. 3,4,13 gr.	
1.2	Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og hlotið hefur samþykki byggingarnefndar fyrir starfsemina. Á starfsleyfisumsókn skal koma fram fastanúmer fasteignar og eigandi/eigendur.	Rg. 941/2002, 13. gr.	
1.3	Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.	Rg. 941/2002, 14. gr.	
1.4	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfi.	Rg. 941/2002, 3. gr.	

2. HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Húsnæði skal uppfylla kröfur um íbúðarhúsnæði og vera rúmgott, bjart, hæfilega hitað og loftræst á fullnægjandi hátt.	Rg. 941/2002, 14. gr.	
2.2	Húsnæði skal vera vel viðhaldið.	Rg. 941/2002, 14. gr.	
2.3	Gestir skulu hafa aðgang að fullbúinni snyrtingu og baðaðstöðu. Ekki skulu fleiri en tíu manns vera um hverja baðaðstöðu.	Rg. 941/2002, 27. gr.	
2.4	Hitastýrð blöndunartæki skulu vera í handlaugum og skal gera gestum grein fyrir því að vatnshiti getur farið yfir 43°C við töppunarstað.	Rg. 941/2002, 14. gr.	
2.5	Um aðbúnað er að öðru leyti vísað í lög og reglugerðir um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.	Rg. 1277/2016.	



3. HREINLÆTI OG ÞRIF

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Húsnæði og öll aðstaða skal þriffin fyrir nýja viðskiptavinum. Til staðar skal vera skrifleg hreinlætisáætlun. Allsherjarhreingerningu skal gera árlega.	Rg. 941/2002, 14. gr. og 36. gr.	
3.2	Ávallt skal skipta á rúmfatnaði, handklæðum og öðrum hreinlætisbúnaði áður en nýir viðskiptavinir taka við gistirými.	Rg. 941/2002, 27. gr.	
3.3	Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.	Rg. 941/2002, 14. gr.	
3.4	Þvottur skal þveginn við fullnægjandi aðstæður. Handklæði og rúmföt skal þvo við a.m.k. 60°C. Hreint lín skal aðskilið frá óhreinu.	Rg. /941/2002, 27. gr.	
3.5	Fara skal að ákvæðum laga um tóbaksvarnir, eftir því sem við á.	Lög nr. 6/2002.	
3.6	Gæta skal fyllsta hreinlætis og snyrtimennsku. Allur búnaður skal vera hreinn og heill.	Rg. 941/2002, 27. gr.	

4. MATVÆLI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1	Um matvæli gilda lög nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.	Lög nr. 93/1995	

5. ÖRYGGI OG SLYSAVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1	Lyf og hættuleg efni skulu geymd þar sem börn ná ekki til.	Rg. 941/2002, 37. gr.	
5.2	Í húsinu skulu vera húsreglur sem kynna helstu öryggisatriði í sambandi við hífýlin og umhverfið. Upplýsa skal gesti um að vatn getur orðið allt að 80° heitt og varúðar skal gætt við notkun á heitu vatni. Einnig skal kynna neyðarnúmerið 112 og eftir atvikum hvar hægt er að leita aðstoðar. Tungumál skal vera eins og þörf er á. Ef ekki er tekið á móti gestum við komu skulu þessar reglur vera skriflegar.	Rg. nr. 1277/2016, 5. gr.	
5.3	Sjúkrakassi skal vera aðgengilegur í hífýlum.	Rg. 941/2002, 14. gr.	
5.4	Þar sem heitir pottar eru fyrir gesti skulu vera leiðbeiningar um notkun þeirra og skal öryggislok vera til staðar.	Rg. 941/2002, 14. gr.	

6. LÓÐ OG UMHVERFISMÁL

		Rgl.nr.	Uppfyllt
6.1	Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið.	Rg. 941/2002, 14. gr. og 18. gr.	
6.2	Fara skal eftir ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.	Rg 798/2002.	
6.3	Starfsemin má ekki valda ónæði, sem er veruleg og ítrekuð truflun eða áreiti sem tilheyrir ekki því umhverfi sem um ræðir, s.s. vegna óþrifnaðar, ólyktar, hávaða eða titrings.	Rg.941/200 2, 3. gr.	
6.4	Við staðsetningu frístundahúsa skal þess sérstaklega gætt að þeir sem þar dvelja verði ekki fyrir hættu eða ónæði sem getur stafað frá umhverfinu, s.s. vegna umferðar, hávaða og ólyktar.	Rg. 941/2002, 29. gr.	

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

- Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir, lögum nr. 93/1995 um matvæli, reglugerð nr. 103/2010 um hollustuhætti matvæla, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Flokkun gististaða sbr. lög nr. 85/2007 og reglugerð nr. 1227/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald:

- Flokkur I Heimagisting, er gisting á lögheimili einstaklings eða í einni annarri fasteign sem hann hefur til persónulegra nota og er í hans eigu. Ef leigð eru út fleiri en fimm herbergi eða rými er fyrir fleiri en 10 einstaklinga í heimagistingu telst um gististað í flokki II að ræða, þrátt fyrir að önnur skilyrði um heimagistingu séu uppfyllt.

Reykjavík 24.02.2017

Kristín L. Árnadóttir